

og hefur eigi verið véfengt í málinu, að svo sé. Þá er að lokum svohljóðandi framsal á víxlinum, undirritað af útgefanda: „Framselt handhafa með skírskorun til áritunar Útvegsbankans án ábyrgðar fyrir framseljanda“.

Plagg það, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu, er víxill að lögum. Framseljandi öðlaðist sem útgefandi víxilsins við innlausn hans víxilrétt á hendur samþykkjanda. Verður eigi annað séð, þrátt fyrir áðurgreint ákvæði 20. gr. víxillaganna, en að stefnandi geti sem framsalshafi rekið mál út af víxlinum sem víxilmál og verður því frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíði, þar til væntanlegur efnisdómur gengur í málinu.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna, en sökum anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu hans.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 20. janúar 1958.

Nr. 170/1956. **Árni Guðmundsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Guðmundi Guðnasyni
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál til heimtu verðlagsuppbótar samkvæmt kjarasamningi.
 Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 1. febrúar 1951 framlengdu útgerðarmenn í Súðavík og Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga kjarasamning, sem áður hafði gilt þeirra á milli. Jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á samningnum. Upphaflegi samningurinn hefur ekki komið fram í máli þessu, en í viðbótarsamningum frá 1. febrúar 1951 er tekið fram, að kauptrygging sjómanna á vetrarvertíð skuli vera kr. 1500.00 á mánuði án verðlagsuppbótar. En taki hlutatryggingasjóður línubáta til starfa og greiðsla fáist úr honum til útgerðarinnar, skuli greidd full verðlagsuppbót. Með því að hlutatryggingasjóður tók til starfa árið 1951, fengu sjómenn greidda árið 1952 fulla verðlagsuppbót á kauptryggingu fyrir vertíðina 1951. Eru aðiljar sammála um, að framlög úr sjóðnum hafi þá nægt til greiðslu á allri verðlagsuppbótinni.

Hinn 1. janúar 1952 framlengdu fyrrgreindir aðiljar enn kjarasamninginn með milligöngu hreppsnefndar. Voru þá sett svofelld ný ákvæði um kauptryggingu á vetrarvertíð 1952:

„Útborgaður hlutur greiðist mánaðarlega í peningum og það, sem til vantar, allt að kr. 1500.00, greiðist aldrei síðar en 10. hvers mánaðar. Mismunur á hluta og tryggingu sé greiddur í peningum, séu þeir fyrir hendi, annars með ávisun á vöruúttekt í verzlunum með ábyrgð hreppsnefndar.

Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð, vegna þess að hlutatryggingasjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum. Væntum hins vegar, að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingasjóður greiðir út.“

Áfrýjandi var aðili að kjarasamningnum og gerði út bát frá Súðavík á vetrarvertíð 1952. Stefndi var skipverji á bátnum. Fékk hann greidda grunnupphæð kauptryggingarinnar, kr. 1500.00 á mánuði, og auk þess tiltölulegan hluta af framlagi því, sem bátnum var úthlutað úr hlutatryggingasjóði fyrir vetrarvertíðina 1952. Skorti þá kr. 2546.24 upp á það, að full verðlagsuppbót kæmi til viðbótar grunn-

upphæðinni. Er það fjárhæð sú, sem áfrýjandi er krafinn um í máli þessu.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að samkvæmt viðbótarsamningnum frá 1. janúar 1952 hafi sjómenn átt að bera áhættuna af því, ef framlag úr hlutatryggingasjóði nægði ekki til greiðslu fullrar verðlagsuppbótar. Þessi skilningur hefur þó ekki stoð í orðalagi samningsins. Það er hvorttveggja, að í samningnum er því lýst af hálfu útgerðarmanna, að þeir muni ekki fara fram á, að trygging verði lækkuð, og að þeir vænta þess aðeins, að þeir verði ekki krafðir um verðlagsuppbót, fyrr en þeim hafi borizt framlög úr hlutatryggingasjóði. Þegar einnig er haft í huga, að útgerðarmenn höfðu árið 1951 lofað fullri verðlagsuppbót, ef þeir fengju framlög úr hlutatryggingasjóði, þá ber að fallast á þá skýringu héraðsdóms á samningnum frá 1. janúar 1952, að hann hafi veitt sjómönnum rétt til fullrar verðlagsuppbótar úr hendi útgerðarmanna. Þrír hreppsnefndarmenn, sem höfðu milligöngu um samningsgerðina, hafa að vísu borið, að þeir hafi litið svo á, að upphæð verðlagsuppbótar ætti að takmarkast við framlög úr hlutatryggingasjóði, en gegn mótmælum forráðamanns Verkalýðs- og sjómannafélagsins, sem af þess hálfu stóð að samningsgerðinni, hafa ekki verið leiddar sönnur að því, að hann hafi þá fallizt á þenna skilning né að þetta atriði hafi yfirleitt komið til umræðu við samningsgerðina.

Áfrýjandi hefur einnig borið það fyrir sig, að stefndi hafi ekki gert neinn fyrirvara um frekari greiðslu, er áfrýjandi galt honum árið 1953 tiltölulegan hluta af framlagi hlutatryggingasjóðs. En þegar af þeirri ástæðu, að hér er um að ræða kröfu samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags við atvinnurekanda, sem ákvæði 7. gr. laga nr. 80/1938 taka til, þá verður ekki talið, að stefndi hafi með fyrirvaralausri kvittun firrt sig rétti til fullrar greiðslu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Guðmundsson, greiði stefnda, Guðmundi Guðnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Fjórir hreppsnefndarmenn Súðavíkurhrepps hafa gefið skýrslu í máli þessu um aðdraganda samninga útgerðarmanna og sjómanna frá 1. febrúar 1951 og 1. janúar 1952, sem koma til álita í máli þessu. Segja hreppsnefndarmenn þessir, að svo mikil aflatregða hafi verið á árunum 1950—54, að útgerðarmenn báta hafi eigi treyst sér til að standa straum af útgerð og taka á sig fulla kauptryggingu. Voði hafi því verið fyrir dyrum og hreppsnefndin reynt að finna leiðir til að koma bátunum á flot. Menn hafi vonað, að framlög úr hlutatryggingarsjóði, sem átti þá bráðlega að hefja starfsemi, myndi bjarga málum. Hafi útgerðarmenn því verið undanþegnir að greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu, en sjómönnum áskilinn forgangsréttur til greiðslna úr hlutatryggingarsjóði til lúkningar á verðlagsuppbót. Samningur útgerðarmanna og sjómanna frá 1. febrúar 1951 er í samræmi við þessa skýrslu hreppsnefndarmanna. Í samningnum er svo mælt, að trygging sjómanna skuli vera kr. 1500.00 á mánuði án verðlagsuppbótar og greiðast mánaðarlega, en taki hlutatryggingarsjóður línubáta til starfa og greiðsla fáist úr honum, skuli greiða fulla verðlagsuppbót á trygginguna. Hin eina eðlilega skýring þessa ákvæðis er sú, að útgerðarmenn skuli eigi bera ábyrgð á verðlagsuppbót, heldur skuli greiða hana af framlagi hlutatryggingarsjóðs, eftir því sem til hrekkur.

Samningur var gerður fyrir atbeina hreppsnefndar hinn 1. janúar 1952 til viðbótar við samninginn frá 1. febrúar

1951. Skyldi viðbótarsamningurinn gilda um tímabilið frá 1. janúar 1952 til 15. maí s. á. Í viðbótarsamningnum er mælt, að útborgaður hlutur skuli vera kr. 1500.00, og kveðið á, hversu greiða skuli og um ábyrgð hreppsnefndar á honum. Síðan lýsa útgerðarmenn, að þeir fari eigi fram á lækkun tryggingar, „vegna þess að hlutatryggingarsjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum“. Loks segir, að útgerðarmenn vænti þess, „að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingarsjóður greiðir út“. Af hendi áfrýjanda er staðhæft, að ummæli þessi tákni einungis skyldu útgerðarmanna til að standa sjómönnum skil á styrk þeim, sem kynni að fást úr hlutatryggingarsjóði, en með þeim hafi útgerðarmenn eigi horfið frá undanþágu þeirri frá greiðslu verðlagsuppbótar, sem þeim var áskilin í samningnum frá 1. febrúar 1951, enda hafi sá samningur eigi verið úr gildi numinn. Hinir fjórir hreppsnefndarmenn, sem atbeina veittu við samningsgerðina, staðhæfa, að útgerðarmenn hafi verið undanþegnir ábyrgð á verðlagsuppbót, bæði þá er samningurinn 1. febrúar 1951 og samningurinn 1. janúar 1952 voru gerðir. Verðlagsuppbót til sjómanna hafi verið bundin við framlög úr hlutatryggingarsjóði, en til þeirra hafi sjómönnum verið áskilinn forgangsréttur. Tveir þessara hreppsnefndarmanna, sem fyrir dóm hafa verið kvaddir, hafa staðfest skýrslu hreppsnefndarmanna með vætti sínu.

Hreppsnefndarmenn máttu gerzt vita, hvað vakti fyrir þeim, sem stóðu að samningnum 1. janúar 1952, þar sem sá samningur var gerður fyrir tilhlutan hreppsnefndar. Hreppsnefndin var hér hlutlaus milligönguaðili, og hefur ekkert komið fram, sem veiki skýrslu hennar í málinu. Orðalag samningsins 1. janúar 1952 er að vísu óljóst, en skýtur alls eigi loku fyrir, að framburður hreppsnefndarmanna sé til grundvallar lagður.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, svo og þess, að stefndi hefur sýnt mikið tómlæti um höfðun máls þessa, þykir eiga að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð okkar verður því:

Áfrýjandi, Árni Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Guðnasonar, í máli þessu.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 8. ágúst 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 8. ágúst, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega formanni dómsins, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, og sjódomsmönnum Stefáni Bjarnasyni skipstjóra og Símoni Helgasyni hafnarverði, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 28. júní s.l.

Mál þetta er höfðað af Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga, Súðavík, f. h. Guðmundar Guðnasonar sjómanns, Súðavík, með stefnu útgefinni 7. des. 1955, gegn Árna Guðmundssyni útgerðarmanni, Súðavík.

Málið var höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu, Súðavíkurbínghá, en samkomulag varð um að reka málið fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á eftirstöðvum af kauptryggingu Guðmundar Guðnasonar sjómanns, Súðavík, að fjárhæð kr. 2.982.51, svo og orlofsfé kr. 472.00, alls kr. 3.454.51, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Á síðara stigi málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar um kr. 436.27 eða í kr. 2.546.24 og orlofsféð um kr. 180.00 eða kr. 292.00, alls í kr. 2838.24.

Þá krefst stefnandi þess, að sér verði dæmdur sjóveðréttur í v/b Val Í.S. 420 fyrir dæmdum kröfum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi gerði upphaflega kröfu um, að málinu yrði vísað frá dómi, en féll síðar frá þeirri kröfu.

Málavextir eru þessir:

Umbjóðandi stefnanda í máli þessu, Guðmundur Guðnason, var

skipverji á v/b Val Í.S. 420, eign stefnda o. fl., á vetrarvertíð 1952.

Stefndi hefur greitt Guðmundi í kaup fyrir vertíðina kr. 6.893.76 og orlofsfé kr. 180.00 og telur hann það fullnaðargreiðslu samkvæmt samkomulagi útgerðarfyrirtækja í Súðavík og Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga frá 1. jan. 1952.

Stefnandi telur hins vegar, að stefndi eigi enn ógreitt kaup, kr. 2.546.24 og kr. 292.00 í orlofsfé, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að Guðmundur Guðnason hafi átt samkvæmt samningi að hafa kr. 1500.00 í kauptryggingu á mánuði í grunnlaun og vísitöluuppbót á þá upphæð. Hann var háseti á v/b Val í 53 daga í janúar og febrúar og var þá vísitalan 144 stig, og eftir 1. marz í 76 daga, en þá var vísitalan 148 stig. Samkvæmt því var kauptrygging hans alla vertíðina kr. 9.440.00, auk 5% orlofsjár.

Samningur um kaup og kjör sjómanna í Súðavík á vetrarvertíð 1952 er frá 1. febrúar 1951. (Dómsskj. nr. 17 og 11). Samkvæmt honum var kauptrygging sjómanna kr. 1500.00, án verðlagsuppbótar, sem greiddist mánaðarlega.

Auk þess segir í 3. grein sammingsins, að taki hlutatryggingasjóður línubáta til starfa og greiðsla fáist úr honum til útgerðarinnar, greiðist full verðlagsuppbót á trygginguna. Á árinu 1951 var ákveðið, að hlutatryggingasjóður bátaútvegsins tæki til starfa og ákveðið, að greiðslur til bátaútvegsins úr sjóðnum skuli taka til tímabilsins frá 1. janúar 1951. Útgerðarmenn fengu enga greiðslu úr hlutatryggingasjóði á árinu 1951, en í apríl og september 1952 fengu þeir greiðslur, og þar á meðal stefndi í máli þessu vegna v/b Vals, og greiddu þeir þá sjómönnum fulla vísitöluuppbót á kauptryggingu á vetrarvertíð 1951.

Með samkomulagi milli útgerðarfyrirtækja í Súðavík og Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, dagsettu 1. janúar 1952, voru gerðar nokkrar breytingar á fyrrnefndum samningi frá 1. febrúar 1951. Skyldi það samkomulag aðeins gilda frá 1. janúar 1952 til 15. maí s. á. eða yfir vetrarvertíðina. Þau ákvæði í samkomulaginu, sem aðiljar í máli þessu eru ósammála um og hér skipta máli, eru þannig:

Útborgaður hlutur greiðist mánaðarlega í peningum og það, sem til vantar, allt að kr. 1500.00, greiðist aldrei síðar en 10. hvers mánaðar. Mismunur á hlut og tryggingu sé greiddur í peningum, séu þeir fyrir hendi, annars með ávísun á vöruúttekt í verzlun-

um, með ábyrgð hreppsnefndar. Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð vegna þess, að hluttryggingasjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum. Væntum hins vegar, að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en 1500.00, þangað til hluttryggingasjóður greiðir út.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að skilja beri samkomulag þetta frá 1. janúar 1952 á þá leið, að ákvæði þágildandi samnings haldist, að kauptrygging skuli vera kr. 1500.00 á mánuði ásamt fullri vísitöluuppbót, ef þeim skilyrðum er fullnægt, að hluttryggingasjóður taki til starfa og greiðsla fáiast úr honum til útgerðarinnar.

Hefur því verið haldið fram af stefnanda, að útvegsmönnum bæri skylda til að greiða vísitöluuppbótina að fullu, ef þeir fengju einhverjar bætur úr sjóðnum, þó að þær nægðu ekki til þess, þar sem ekki sé tekið fram í samningnum frá 1. febrúar 1951 eða samkomulaginu frá 1. janúar 1952, að greiðsla vísitöluuppbótarinnar sé á nokkurn hátt bundin fjárhæð þeirri, sem útvegsmenn kynnu að fá úr hluttryggingasjóði.

Samkomulagið frá 1. janúar 1952 sé því aðeins samningur sjómanna um gjaldfrest á vísitöluuppbótinni til handa útgerðarmönnum, þangað til hluttryggingasjóður greiddi út. Til stuðnings þessum skilningi sínum hefur af hálfu stefnanda verið bent á eftirfarandi atriði í samkomulaginu frá 1. janúar 1952.

„Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð vegna þess að hlutatr.sjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum. Væntum hins vegar, að sjómenn krefji ekki útgerðina um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hluttryggingasjóður greiðir út.“

Telur stefnandi, að með fyrri setningu sé átt við það eitt, að útgerðarmenn fari ekki fram á, að tryggingin verði lækkuð frá því, sem hún var, og skuldbindi sig þá jafnframt til að greiða sömu tryggingu á vetrarvertíðinni 1952 og 1951, en það var kr. 1500.00 í grunn og full vísitala á þá upphæð, þegar hluttryggingasjóður greiddi út. En við orðalagið á síðari setningunni hljóti útvegsmenn að eiga við verðlagsuppbótina, sem þeir þá hafi vitað og viðurkennt, að sjómenn ættu rétt á samkvæmt samningum.

En með þessu hafi útvegsmenn farið fram á að fá gjaldfrest á greiðslu verðlagsuppbótar, þangað til hluttryggingasjóður greiddi út, og hafi sjómenn veitt hann með samkomulaginu frá 1. janúar 1952.

Nokkur hluti stefnukröfunnar er orlofsfé, sem stefnandi telur

stefnda eiga vangreitt. Stefndi greiddi stefnanda 2% í orlofsfé á hlut hans á vetrarvertíðinni 1952, er var kr. 7020.59, eða kr. 180.00. Telur stefnandi þetta ekki rétt, þar sem sjómönnum sé greitt kaup, þ. e. hlutatrygging, en ekki hlutur, þegar ekki fiskast fyrir tryggingu.

Bæri stefnda því að greiða fulla orlofsprósentu, 5% á kauptrygginguna með vísitölu og sé sá háttur alls staðar hafður á. Hefur stefnandi lagt fram í dóminum vottorð Samvinnufélags Ísfirðinga, Ísafirði, um að það hafi ávallt greitt sjómönnum fullt orlof á tryggingarupphæð þeirra, þegar hlutur hefur ekki náð tryggingu, þar sem líta bæri á hlutatrygginguna sem kaup.

Stefnandi hefur lagt fram í dóminum yfirlýsingu sjómanna í Súðavík, um að þeir hafi alla tíð litið á samkomulag það, sem gert var þann 1. janúar 1952 milli Verkalýðsfélagsins í Súðavík og útvegsmanna þar sem samning um gjaldfrest útgerðarmönnum til handa, en alls ekki eftirgjöf á hluta af tryggingu í neinni mynd.

Þá lýsa þeir því yfir, að stefndi í máli þessu hafi sagt, að hann mundi greiða skipverjum sínum eftirstöðvar af kauptryggingu þessari frá vetrarvertíðinni 1952, ef Andvari h.f. yrði dæmdur til þess að greiða eftirstöðvarnar til sinna skipverja, en Verkalýðs- og sjómannafélagið hóf málssókn á hendur því félagi 1954 til greiðslu eftirstöðva af kauptryggingu. Fjórir þessara manna hafa komið fyrir dóminn og staðfest þessa yfirlýsingu.

Af hálfu stefnda hefur verið haldið fram þeim skilningi á samningi sjómanna og útgerðarmanna frá 1. febrúar 1951 og samkomulagi frá 1. janúar 1952, að trygging sjómanna hafi aðeins verið kr. 1500.00 án verðlagsuppbótar. Skilja beri 3. gr. fyrrnefnds samnings á þá leið, að sjómenn fái því aðeins fulla verðlagsuppbót á trygginguna, að nægilegt fé fái úr hlutatryggingasjóði til þess að greiða hana að fullu. Og ef engin greiðsla fái úr sjóðnum, séu útgerðarmenn ekki skyldir að greiða neina verðlagsuppbót.

Hér sé því ekki um samning um greiðslufrest að ræða, heldur hafi sjómenn samið af sér alla verðlagsuppbót úr hendi útgerðarmanns. Um þetta hafi líka verið fullt samkomulag, er gert var upp fyrir vetrarvertíðina 1951. Stefndi greiddi skipverjum sínum kr. 1500.00 á mánuði án vísitölu, og gerði enginn þeirra athugasemdir við þau skil. Þegar greiðsla kom úr hlutatryggingasjóði fyrir vetrarvertíðina 1951 í apríl 1952, skipti stefndi henni hlutfallslega á milli bátshluta og mannhluta samkvæmt fyrir-

mælum laga sjóðsstjórnarinnar, og gerðu sjómenn þá heldur engar athugasemdir, þó að greiðslan nægði ekki til þess að þeir fengju fulla vísitöluuppbót á fyrrnefndar 1500 krónur.

Það var fyrst í september 1951, er viðbótargreiðsla barst úr sjóðnum, að skipverjar stefnda fengu fulla verðlagsuppbót á kauptryggingu sína. Telur stefndi, að þetta sýni, að sjómenn og Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga hafi litið svo á, að samkvæmt samningi frá 1. febrúar 1951 hafi kauptrygging aðeins verið kr. 1500.00 án verðlagsuppbótar, að útgerðin ætti því aðeins að greiða meira, ef greiðsla úr hlutatryggingasjóði fengist á hluti bátsverja samkvæmt reglum sjóðsins.

Stefndi benti og á, að í samkomulaginu frá 1. janúar 1952 sé hvergi minnst á að greiða vísitöluuppbót á kauptryggingu, 1500 kr., og beri honum því ekki skylda til að greiða hana fyrir vertíðina 1952, þar sem næg greiðsla til þess hafi ekki komið úr hlutatryggingasjóði. Samkvæmt reglum hlutatryggingasjóðs er gert ráð fyrir bótum bæði á hluti útgerðarmanns, þ. e. bátshlutinn, og hluti sjómanna. Telur stefndi, að með samkomulaginu frá 1. janúar 1952 hafi útgerðarmenn ákveðið að taka ekki bætur á hluti sína samkvæmt reglum sjóðsins, fyrr en trygging (vísitöluuppbót) sjómanna væri að fullu greidd, og við þetta var átt í samkomulaginu, þegar sagt er: Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð, vegna þess að hlutatryggingasjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum.

Og þegar stefndi fékk greiðslu úr hlutatryggingasjóði í júlilok 1953 fyrir vertíðina 1952, skipti hann allri fjárhæðinni milli skipverja sinna, en tók ekkert af greiðslunni upp í bátshlutina. Þá telur stefndi, að ummælin í samkomulaginu: „Væntum hins vegar, að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingasjóður greiðir út“, verði alls ekki skilin þannig, að þar sé átt við gjaldfrest á vísitöluuppbót. Með þessu sé aðeins átt við það, að sjómenn bíði eftir greiðslunni frá hlutatryggingasjóði og eigi ekki kröfu á, að útgerðarmenn leggi út væntanlegar bætur frá sjóðnum, þangað til hann greiði út.

Stefndi hefur lagt fram í dóminum vottorð Jóhanns Hjaltasonar, er var forstjóri útgerðarfélagssins Andvara h.f. í Súðavík árið 1952, er samkomulagið var gert. Lýsir hann yfir því, að hann leggi sama skilning í samkomulagið og stefndi og telur hann, að sjómenn í Súðavík hafi þá litið svo á, að þeim bæri aðeins kr. 1500.00 á mánuði í tryggingu og útgerðarmenn væru ekki

skyldir að greiða neina vísitöluuppbót, ef hlutatryggingasjóður greiddi ekkert.

Hefur hann staðfest þetta fyrir dómi. Þá hefur stefndi lagt fram vottorð fjögurra manna í Súðavíkurreppi, sem voru í hreppsnefnd þar 1950—1954. Skýra þeir frá því, að sökum aflatregðu á þessum árum hafi útgerð gengið mjög erfiðlega og hafi hreppsnefnd oft þurft að blanda sér í útgerðarmál, bæði í samkomulagsumleitunum milli sjómanna og útgerðarmanna. Enn fremur hafi hreppssjóður oft tekið á sig ábyrgðir og greiðslur til útgerðarinnar til að jafna mismun á hlut og tryggingu, til þess að útgerðin stöðvaðist ekki alveg.

Telja þeir, að bæði 1951 og við samkomulagið 1. janúar 1952 hafi verið samið um, að kauptrygging sjómanna skyldi vera kr. 1500.00 á mánuði án vísitöluuppbótar.

Í byrjun vetrarvertíðar 1952 hafi sjómenn og útgerðarmenn verið farnir að binda háar vonir við greiðslur úr hlutatryggingasjóði, þó að hann væri ekki enn tekinn til starfa að fullu og ekki byrjaður að greiða út.

Sjómenn hafi þar ekki í það skipti viljað afsala sér skilyrðislaust verðlagsuppbót á grunntryggingu og hafi orðið að samkomulagi, að sú fjárhæð, sem fengizt úr hlutatryggingasjóði, rynni óskipt til sjómanna sem uppbót á tryggingu, þ. e. útgerðarmenn afsöluðu sér sínum hluta bótanna til sjómanna.

En það hefði verið öllum aðiljum ljóst, jafnt sjómönnum sem öðrum, sem að þessu samkomulagi stóðu, að það skapaði sjómönnum engan kröfurétt á hendur útgerðarmönnum eða hreppssjóði fram yfir kr. 1500.00, hvort hlutatryggingasjóður greiddi mikið eða lítið eða alls ekkert.

Einn þeirra, er gaf þetta vætti, Áki Eggertsson, undirritaði samkomulagið 1. janúar 1952, en hann var þá oddviti hreppsnefndarinnar. Tveir þessara manna, þeir Áki Eggertsson og Halldór Guðmundsson, hafa komið fyrir dóm. Lýstu þeir því yfir fyrir dóminum, að þeir teldu, að ekki hafi verið tekið fram í samningnum, að sjómenn afsöluðu sér verðlagsuppbót, vegna þess að þess hafi ekki verið álitin þörf, því að full verðlagsuppbót fengizt greidd úr hlutatryggingasjóði. Þeir hafa staðfest vitnisburði sína með eiði og drengskaparheiti.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda um 5% orlofsfé. Telur stefndi í fyrsta lagi, að hann hafi þegar greitt allt það orlofsfé, sem honum bar, þar sem hann hafi greitt stefnanda 2% af hlut hans á vertíðinni 1952. Þannig hafi allir útgerðarmenn

í Súðavík greitt orlofsfé eftir vertíðina 1952, eins og þeir hafi alltaf gert, bæði fyrr og síðar. En slík orlofsfjárgreiðsla sé í fullu samræmi við orlofslögin.

Í öðru lagi telur stefndi orlofskröfuna fyrnda. Þá hefur stefndi mótmælt vottorði Samvinnufélags Ísfirðinga sem þýðingarlausu fyrir málið. Stefndi hefur mótmælt yfirlýsingu sjómanna í Súðavík (dómsskj. nr. 14) sem alrangri og sérstaklega þeim ummælum, sem þar eru eftir höfð.

Stefnandi hefur mótmælt vottorði Jóhanns Hjaltasonar (dómsskj. 12) sem röngu og hlutdrægu, þar sem hann var forstjóri h.f. Andvara um þessar mundir og neitaði ásamt öðrum útvegsmönnum að greiða umdeildar eftirstöðvar. Þá mótmælir stefnandi vottorði hreppsnefndar Súðavíkurhrepps (dómsskj. nr. 16) sem röngu og hlutdrægu.

Samkvæmt samningi Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga og útgerðarmanna í Súðavík frá 1. febrúar 1951 skuldbinda útgerðarmenn sig til að greiða sjómönnum 1500 kr. á mánuði í tryggingu án verðlagsuppbótar, nema hlutatryggingasjóður taki til starfa og greiðsla fáiast úr honum til útgerðarinnar. Þá átti að greiða fulla verðlagsuppbót á trygginguna. Þessum ákvæðum er ekki breytt með samkomulagi sömu aðilja frá 1. janúar 1952.

Það hefur komið fram í málinu, að báðir aðiljar, útgerðarmenn og sjómenn, hafa búið við því, að greiðsla úr hlutatryggingasjóði nægði til þess að sjómenn fengju fulla vísitöluuppbót greidda á mánaðartryggingu sína, þegar hlutatryggingasjóður greiddi út. Virðist samkomulagið frá 1. janúar 1952 gert með það fyrir augum.

En það verður ekki talið sannað gegn mótmælum stefnanda, að sjómenn hafi afsalað sér rétti til greiðslu verðlagsuppbótar á kauptryggingu með samkomulaginu 1. janúar 1952, ef greiðsla úr hlutatryggingasjóði nægði ekki til greiðslu vísitöluuppbótarinnar. Verður því að fallast á þann skilning stefnanda á ákvæðum samkomulagsins frá 1. janúar 1952, að sjómenn hafi aðeins veitt útgerðarmönnum gjaldfrest á þeim hluta af kauptryggingunni, er var fram yfir 1500 krónur, þangað til hlutatryggingasjóður greiddi út eða gengið var úr skugga um, að ekki bærist frekari greiðsla frá honum.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda eftirstöðvar vísitöluuppbótarinnar, kr. 2546.24, og verður hann dæmdur til að greiða þá upphæð.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 16/1943 um orlof falla kröfur um orlofsgreiðslur niður, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs, eftir að kröfurnar stofnuðust. Verður því að telja, að krafa stefnanda um greiðslu orlofsfjárens sé fyrnd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Það er óumdeilt í málinu, að greiðslur komu úr hlutatryggingasjóði til stefnda fyrir v/b Val, Í.S. 420, 28. júlí 1953. Var þeirri fjárhæð varið til greiðslu á vísitöluuppbót til sjómanna. En hún var hins vegar ekki nægileg til þess að sjómenn fengju fulla uppbót. En samkvæmt fullyrðingu stefnda var þá strax vitað, að hér var um lokagreiðslu að ræða úr hlutatryggingasjóði.

Stefnandi hefur að vísu mótmælt þessu og talið, að enn hafi verið von á greiðslu úr hlutatryggingasjóði, En eigi verður talið, að hann hafi fært fram nægileg rök fyrir því, að málsókn var ekki byrjuð fyrr en löngu síðar eða í desember 1955.

Ber stefnda því aðeins að greiða vexti frá stefnubirtingardegi, 9. desember 1955.

Krafa stefnanda um sjóveðrétt í v/b Val, Í.S. 420, verður ekki tekin til greina, þar sem sjóveðréttur er fyrndur, sbr. lög nr. 56/1914, 251. gr. 6. töluliður.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 2.546.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. desember 1955 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Guðmundsson, greiði stefnanda, Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga f. h. Guðmundar Guðnasonar, kr. 2.546.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. desember 1955 til greiðsludags og í málskostnað 400 krónur, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
